

*Ákvæði til bráðabirgða.*

Peir sem innritast hafa í verkfræðináms fyrir 1. janúar árið 2000 og stunda nám sitt samfellt eiga þess kost að fá próf sitt metið eftir þeim matsreglum sem í gildi voru frá 26. ágúst 1992 og fram að gildistöku þeirra matsreglna sem hér eru auglýstar.

*Iðnaðarráðuneytinu, 8. desember 1999.*

**Finnur Ingólfsson.**

*Jón Ögmundur Þormóðsson.*

10. desember 1999

Nr. 846

**AUGLÝSING**

**frá ríkisskattstjóra nr. 14/1999 um framlengingu á fresti skattstjóra til að afgreiða kærur vegna álagningar opinberra gjalda einstaklinga.**

Með vísan til 118. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, hefur ríkisskattstjóri ákveðið að breyta tímamarki því sem skattstjórum er sett, sbr. 99. gr. sömu laga, til að úrskurða kærur sem bárust vegna þeirrar álagningar opinberra gjalda er lauk 30. júlí 1999.

Skattstjórar skulu hafa lokið við að úrskurða kærur vegna álagningar gjalda á tekjur ársins 1998 og eigna í lok þess árs 24. janúar 2000 í stað 22. desember 1999.

*Reykjavík, 10. desember 1999.*

F.h. ríkisskattstjóra,

**Friðleifur Jóhannsson.**

29. nóvember 1999

Nr. 847

**SAMÞYKKT**

**um hesthús og hesthúshverfi í Reykjavík.**

1. gr.

Hesthús og þær byggingar sem þeim tilheyra skulu byggð og viðhaldið samkvæmt ákvæðum skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum svo og samkvæmt ákvæðum skipulagsreglugerðar nr. 400/1998 og byggingarreglugerðar nr. 441/1998 með síðari breytingum. Vanda skal til alls frágangs húsanna, geymslu á heybirgðum og öðru því er lýtur að hirðingu hestanna.

2. gr.

Umhverfi hesthúsa skal halda þrífalegu og frágangur lóðar vera snyrtilegur. Gerði skulu malborin og þau girt vönduðum girðingum. Á hesthúsalóðum er óheimilt að geyma bifreiðar, dráttarvélar, heyyvinnslutæki, byggingarefni, heyrúllur, heybaggga og aðra lausamuni.

3. gr.

Lausanga hesta er bönnuð. Eigendur hesthúsa bera ábyrgð á leigjendum sínum hvað varðar alla umgengi í hesthúshverfum og við hesthús.

## 4. gr.

Tað og moð skal geymt í vökvaheldri, lokaðri taðþró og skal áætla 3 m<sup>3</sup> rými fyrir tað frá hverjum hesti ef tæmt er einu sinni á ári en 1 m<sup>3</sup> ef tæmt er þrisvar sinnum. Þróin skal vera þannig gerð og hirt um hana að hvorki stafi af henni óþrif, mengun né slysaþætta.

Í taðþróna má einungis setja hrossatað og moð sem hreinsað er úr hesthúsum og umhverfis þau.

## 5. gr.

Hesthúsaeigendur skulu tæma taðþrær reglulega og áður en þær fyllast. Þrærnar skulu ávallt tæmdar þegar hross eru komin í haga, þó eigi síðar en 1. júlí ár hvert.

Leitast skal við að nýta hrossatað til jarðræktar eða annarra sambærilegra nota, en að öðrum kosti flytja það á þar til ætlaðan móttökustað samkvæmt fyrrsögn hreinsunardeildar gatnamálastjóra.

## 6. gr.

Frárennsli frá salernum og vöskum í hesthúsum skal tengja fráveitukerfi eða leiða í rotþró með sandsíu eða siturlögn. Um frágang rotþróar svo og tæmingu hennar fer samkvæmt leiðbeiningum Hollustuverndar ríkisins og fyrirmælum Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.

## 7. gr.

Í hverju hesthúsi skal vera viðurkennt sorpílát og skulu hesthúsaeigendur kosta uppsetningu þess og tæmingu. Hættulegum úrgangi (t.d. fúavarnaefni, málningu, skordýra- og meindýraeitri, útrunnum lyfjum og lyfjaleyfum) skal halda aðskyldum frá öðrum úrgangi og skila inn til móttökustöðvar fyrir spilliefni.

## 8. gr.

Eftirlit með framkvæmd samþykktar þessarar hefur Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur og byggingarfulltrúinn í Reykjavík, hvor á sínu sviði.

## 9. gr.

Um brot á samþykkt þessari fer samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

## 10. gr.

Framangreind samþykkt borgarstjórnar Reykjavíkur staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, og öðlast gildi við birtingu.

*Ákvæði til bráðabirgða.*

Eigendum hesthúsa er veittur frestur til ársloka 2001 til að uppfylla ákvæði 4. greinar.

*Umhverfissráðuneytinu, 29. nóvember 1999.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*